

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 1992

14. september 1992

687

Nr. 336

REGLUGERÐ

um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur til
bænda verðlagsárið 1993-1994.

I. KAFLI

Um greiðslumark.

1. gr.

Heildargreiðslumark.

Heildargreiðslumark sauðfjárafurða verðlagsárið 1993-1994 er 8.150 tonn kindakjöts og skiptist í greiðslumark lögbýla.

2. gr.

Greiðslumark lögbýla.

Greiðslumark lögbýla reiknast í kg kindakjöts. Samanlagt greiðslumark lögbýla verður 8.150 tonn. Greiðslumark hvers lögbýlis verðlagsárið 1993-1994 skal vera jafnt fullvirðisrétti þess að lokinni aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði að teknu tilliti til staðfestra aðilaskipta fyrir 31. ágúst 1992.

Greiðslumark vegna heimtöku skal reiknað með þeim hætti að greiðslumark vegna áunninnar heimtöku verði hið sama hjá hverjum framleiðanda og reiknað var verðlagsárið 1992-1993, en 140 tonnum skal skipt hlutfallslega milli framleiðenda miðað við fullvirðisrétt að lokinni aðlögun hans að innanlandsmarkaði.

3. gr.

Fullvirðisréttur í leigusamningum við Framleiðnisjóð.

Handhafa leigusamnings við Framleiðnisjóð landbúnaðarins er heimilt að hefja framleiðslu við lok leigutíma og nýta rétt lögbýlis til greiðslumarks að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Tilkynna skal Framleiðnisjóði landbúnaðarins með tilskildum fyrirvara hvort hefja á framleiðslu.
- b) Framleiðsla verður aðeins hafin á því lögbýli sem fullvirðisrétturinn var leigður af.

4. gr.

Aðilaskipti að greiðslumarki.

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki milli lögbýla, með eftirfarandi takmörkunum:

- a) Greiðslumark byggt á fullvirðisrétti sem leigður var Framleiðnisjóði landbúnaðarins má því aðeins selja að það hafi verið í framleiðslu hjá viðkomandi framleiðanda, sbr. 3. gr.,

næstliðin tvö ár fyrir sölu. Heimilt er að selja allt greiðslumarkið þegar framleiðsla á lögbýlinu hefur náð 80% greiðslumarksins að meðaltali í tvö ár, að öðrum kosti í hlutfalli við nýtingu þess. Takmörkun þessi nær til svonefndra opinna leigusamninga sem framleiðendur gerðu við sjóðinn.

- b) Greiðslumark vegna heimtöku er óheimilt að selja frá lögbýli.
- c) Greiðslumark sem bundið er í fjárskiptasamningi verður seljanlegt að liðnum samnings-tíma um fjárleysi og þegar samningurinn telst fullendur að öðru leyti.
- d) Landbúnaðarráðherra er heimilt, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að takmarka eða stöðva aðilaskipti að greiðslumarki ef fyrir liggur rökstutt álit Landgræðslu ríkisins um nauðsyn þess af gróðurverndarástæðum. Landbúnaðarráðherra ákveður nánari starfsreglur hér að lútandi. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal veita Landgræðslu ríkisins upplýsingar um fyrirhuguð aðilaskipti að greiðslumarki jafnóðum og tilkynningar berast.
- e) Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir því að afsala greiðslumarki frá lögbýli.

Nú á framleiðandi fleiri en eitt lögbýli eða flytur af einu lögbýli á annað og er þá heimilt að sameina greiðslumark beggja lögbýlanna með ofangreindum takmörkunum. Á sama hátt er landbúnaðarráðherra heimilt að flytja greiðslumark milli lögbýla í eigu ríkisins.

Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt fyrir 1. febrúar 1993 á þar til gerðum eyðublöð-um sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsam-banda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýli. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

5. gr.

Nýting greiðslumarks lögbýla.

Heimilt er framleiðanda að nýta 105% af greiðslumarki lögbýlisins með innleggi í afurðastöð og heimtöku kjöts á verðlagsárinu 1993-1994. Greiðslumark sem skráð er samkvæmt 2. mgr. 2. gr. verður aðeins nýtt með heimtöku úr afurðastöð.

Áður en afurðastöð kaupir eða tekur til sölu meðferðar sauðfjárafurðir umfram efri mörk greiðslumarks framleiðanda skal gert sérstakt samkomulag milli afurðastöðvar og framleið-anda um slátrun, afurðaverð og greiðslu þess, eftir því sem við á. Samsvarandi magn afurða skal markaðsfært erlendis á ábyrgð viðkomandi aðila. Þó getur Framleiðsluráð landbúnaðar-ins heimilað sölu þeirra innanlands ef framleiðsla verður minni en sala.

Fari framleiðsla á lögbýlinu umfram efri mörk greiðslumarks þess, án sérstaks samkomu-lags við afurðastöð, skal það sem umfram er og ekki rúmast innan heildargreiðslumarks koma til lækkunar á greiðslumarki þess á næsta verðlagsári. Að auki er heimilt að skerða greiðslumarkið um allt að 0,5 kg fyrir hvert framleitt kílógramm umfram efri mörk.

Við útreikning á nýtingu greiðslumarks skal vega saman kjöt af dilkum og fullorðnu fé þannig: Magn dilkakjöts x 1,03 + magn kjöts af fullorðnu fé x 0,75 = reiknuð nýting.

6. gr.

Brottfall og geymsla greiðslumarks.

Greiðslumark sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár fellur niður.

Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu til 31. ágúst 1998 og sætir það þá sömu breytingum og annað greiðslumark.

II. KAFLI Um beinar greiðslur.

7. gr.

Beinar greiðslur.

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda sauðfjárafurða og skal svara til 50% af framleiðslukostnaði kindakjöts samkvæmt verðlagsgrundvelli sauðfjárafurða 1. september 1993. Vegna verðlagsársins 1993-1994 má að hámarki greiða beina greiðslu miðað við 105% reiknaða nýtingu á greiðslumarki lögbýlisins, enda rúmist þær greiðslur innan heildargreiðslumarks ársins, sbr. uppgjör skv. 10. gr.

Beinar greiðslur skulu takmarkast við ásetning á lögbýlinu skv. forðagæsluskýrslu haustið 1992, þannig að á móti 18.2 kg kindakjöts í greiðslumarki nemi ásetningur a.m.k. 0.6 ám eða 0.8 gemlingum. Hafi framleiðandi á undanförunum tveimur árum fullnýtt framleiðsluheimild sína með lægra ásetningshlutfalli skulu beinar greiðslur ekki skertar samkvæmt þessari reglu.

8. gr.

Viðtakandi beinna greiðslna.

Beinar greiðslur greiðast ábúanda á lögbýlinu. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skál Framleiðsluráði landbúnaðarins allar breytingar á hver eigi að vera handhafi beinna greiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beinna greiðslna. Jafnframt skulu viðtakendur beinna greiðslna tilgreina sérstakan reikning í banka eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

9. gr.

Greiðslutilhögun.

Beinar greiðslur greiðast til viðtakanda, í fyrsta sinn 1. mars 1993 og skulu 80% af heildargreiðslum greiðast með jöfnum mánaðarlegum greiðslum 1. hvers mánaðar frá mars til október. Eftirstöðvar skulu greiðast 15. desember 1993. Greiðslur frá mars til október skulu áætlaðar út frá verðlagsgrundvelli 1. september 1992, en uppgjör beinna greiðslna miðast við verðlagsgrundvöll 1. september 1993.

10. gr.

Uppgjör beinna greiðslna.

Beinar greiðslur skerðast hlutfallslega nái reiknuð nýting greiðslumarks ekki 80% af greiðslumarki lögbýlisins. Þó skulu þeir sem tóku fé haustið 1990 eftir fjárleysi samkvæmt samningum við Sauðfjárveikivarnir fá fullar beinar greiðslur þó framleiðsla þeirra sé aðeins 60%, hjá þeim sem tóku fé haustið 1991 miðast við 40% og 20% hjá þeim sem fé tóku haustið 1992.

Sjái framleiðandi fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til a.m.k. 80% af beinum greiðslum ársins, ber honum að tilkynna það Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem þá skal haga beinum greiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok sláturtíðar, að ofgreitt hafi verið, ber viðtakanda beinna greiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

Gerist framleiðandi sekur um ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé er heimilt að skerða eða fella niður beinar greiðslur til viðkomandi lögbýlis.

III. KAFLI Ýmis ákvæði.

11. gr.

Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út greiðslumark til framleiðslu sauðfjárafurða og heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna, og lætur afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði viðkomandi afurðastöðvar og búnaðarsambands.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur.

Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

12. gr.

Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýlisins. Þeir eiga þess kost að gera skriflegar athugasemdir við það og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki skriflegar athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár.

Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar.

13. gr.

Úrskurðarnefnd.

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki, rétt til beinna greiðslna og framkvæmd verðskerðingar, er heimilt að skjóta til þriggja manna úrskurðarnefndar, sem landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, einn án tilnefningar og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands. Ráðherra skipar einn úr þeirra hópi formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úrskurði nefndarinnar, sem skal liggja fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

14. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. september 1992.

Halldór Blöndal.

Jóhann Guðmundsson.